

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2018, mánudaginn 30. apríl, var haldinn 164. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Miðgarði þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst kl. 14:53. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoega, Eldey Huld Jónsdóttir, Hafsteinn Númason. Auk þeirra sat Ásgeir Harðarsson varamaður Jónu Bjargar Sætran, áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um fyrirhugaða kosningu í Hverfið mitt.
2. Fram fer umræða var um ljósleiðaramál í dreifbýli á Kjalarnesi.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir upplýsingum frá Reykjavíkurborg, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, um í hvaða farvegi mál standa hvað varðar ljósleiðara í dreifbýli á Kjalarnesi. Íbúar Reykjavíkur sitja ekki við sama borð hvað varðar fjarskipti og nettengingar, þar sem fjarskiptafyrirtæki á samkeppnismarkaði bjóða ekki þjónustu í dreifbýli Reykjavíkur. Eins og kunnugt er hafa mörg sveitarfélög vítt og breytt um landið axlað ábyrgð í þessu máli og í mörgum tilvikum með framlögum frá ríkinu og hafa ljósleiðaravætt sínar heimabyggðir. Þetta hefur Reykjavíkurborg ekki gert enn sem komið er. Því er óskað upplýsinga um stöðu þessara mála hjá Reykjavíkurborg sem fyrst og síðasta lagi fyrir 18. maí. Jafnframt er spurt hvort Kjósarhreppur hafi óskað eftir samstarfi um lagningu ljósleiðara á norðanverðu Kjalarnesi og hvernig því erindi var svarað.

3. Fram fer umræða um deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness telur að verði farið í framkvæmdir samkvæmt tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturlandsveg um Kjalarnes verði samgöngur innan samfélagsins á Kjalarnesi mun öruggari og jafnframt greiðari en nú er. All flestir bæir verða þá tengdir við innansveitarveg sem hefur góða tengingu við Grundarhverfi og Klébergssvæðið sem er miðpunktur opinberrar þjónustu og félagsstarfs á Kjalarnesi. Hverfisráðið telur æskilegt að öll býli á svæðinu verði tengd með öruggum innansveitarvegi. Óskað er eftir að endurskoðað verði hvernig tengingar verða við kúabúið Bakka. Á skipulaginu er gert ráð fyrir tengingu í norðurátt frá afleggjara að bænum, í átt frá Grundarhverfi/Klébergssvæði þannig að t.d. stórir bílar með aðföng fyrir búið og mjólkurbílar munu þá þurfa að taka töluverðan krók miðað við núverandi vegstæði. Ekki er gert ráð fyrir tengingu í suður og við samfélagið á Kjalarnesi nema með því að fara upp á þjóðveginn. Einnig bendir hverfisráðið á að mikil mengun, bæði loftmengun og hljóðmengun, fylgir fjölförnum vegi eins og Vesturlandsveg. Vakin er athygli á að samfelld byggð er meðfram veginum og að nauðsynlegt verður að gera viðeigandi ráðstafanir til að minnka skaðsemi mengunar fyrir íbúa, útivistarfólk og skepnur. Mikilvægt er að verkþættir verða unnir samhliða þar sem mikil umferð er stórra flutningabifreiða er um svæðið.

4. Fram fer umræða um húsnæðismál á Kjalarnesi.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráði Kjalarness hefur borist fyrirspurn frá íbúum um framboð á lóðum til byggingar íbúðarhúsnæðis á Kjalarnesi. Því óskar ráðið eftir upplýsingum frá

skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, um hvort og hvenær er fyrirhugað að setja lóðir til byggingar íbúðarhússnæðis á Kjalarnesi á sölu. Einnig óskar hverfisráðið eftir upplýsingum um staðsetninguna þeirra lóða, sem fyrst eða í síðasta lagi 18. maí 2018.

**Fundi slitið kl. 16:04**

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir  
Ólafur Þór Zoega

Hafsteinn Númason